

## Kosning fulltrúa á Kirkjubing – kynning

Til kjörfulltrúa leikmanna í Kjalarnesprófastsdæmi,

Ég heiti Margrét Eggertsdóttir og gef kost á mér sem fulltrúi leikmanna á kirkjubingi fyrir Kjalarnesprófastsdæmi. Ég hef nú þegar settið þar eitt kjörtímabil og tel að þekking mín og reynsla af þing- og nefndarstörfum geti komið að góðu gagni á þinginu eitt kjörtímabil til viðbótar.

Kirkjan okkar, þjóðkirkjan, stendur nú á tímamótum og það er mikilvægt að vel sé á málum haldið og vandað til verka þegar verið er að gera allar þær breytingar sem þurfa að eiga sér stað í breyttu umhverfi kirkjunnar. Kirkjan mín skiptir mig miklu máli og mig langar að sjá hana eflast og gegna áfram sínu góða hlutverki í íslensku samfélagi og ég vil gjarnan leggja mitt af mörkum til að svo verði.



Þess vegna býð ég mig fram til kirkjubings nú.

Ég hef verið virk í margs konar starfi sem leikmaður og sjálfbóðaliði í kirkjunni og þekki talsvert til þess sem þarf til að halda úti safnaðarstarfi. Ég hef verið í sóknarnefnd Bessastaðasóknar um árabíl. Var um tíma verkefnaráðin af Fræðslusviði kirkjunnar til að sjá um útbreiðslu og kynningu á 12 spora starfi í kirkjum víða um land. Hef nú verið leiðbeinandi í tólf spora starfi í kirkjunni í allmörg ár.

Um árabíl var ég í undirbúningshópi sem sá um kyrrðardaga kvenna í Skálholti og hef tekið þátt í margvíslegu kyrrðarstarfi, m.a. hef ég verið í undirbúningshópi fyrir örpílagrímagöngur og fræðslu sem haldið hefur verið úti á vegum Garðasóknar á vormánuðum í nokkur ár. Auk þessa hefur bænin verið stór hluti af mínu leikmannastarfi alla tíð.

Ég hef verið virk í margs konar félagsstarfsemi, m.a. verið virk í Kvenfélagi Álftaness og var um tíma formaður félagsins. Ég bý á Álftanesi, á fjögur uppkomin börn og 11 barnabörn. Nýlega lét ég af störfum eftir 20 ár sem framkvæmdastjóri fyrir sameiginlega skrifstofu fjögurra stéttarféлага innan Bandalags háskólamanna þar sem ég er komin á eftirlaun.

Ég tel mig vegna alls þessa hafa ýmsa reynslu og þekkingu sem kemur að gagni til að láta gott af sér leiða á kirkjubingi og óska eftir stuðningi þínum.

Álftanesi í apríl 2022

*Margrét Eggertsdóttir*